STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 2001

10. maí 2001 923 Nr. 363

REGLUGERÐ

um rækjuveiðar á Breiðafirði.

1. gr.

Á tímabilinu 12. maí til 30. júní 2001, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og hafa aflamark í úthafsrækju heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði utan línu sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita, sunnan 65°10'N, enda séu þau búinn seiðaskilju sbr. reglugerð nr. 304 3. maí 1999, um úthafsrækjusvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. maí 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 47, nr. 363. Útgáfudagur 11. maí 2001.

B 81
Gutenberg